

Stofnskrá

Sjóminjasafn Austurlands

Eskifirði

Stofnskrá

Sjóminjasafn Austurlands

1. gr. Stofnunin heitir SJÓMINJASAFN AUSTURLANDS, kt.630781 0519, og er starfssvæði safnsins frá Langanesi í norðri að Stokksnesi í suðri.
2. gr. Safnið starfar samkvæmt safnalögum og fer að siðareglum ICOM.
3. gr. Verksvið safnsins er söfnun og varðveisla þjóðlegra verðmæta, er snerta sögu sjávarútvegs, siglinga og eldri verslunarháttá á starfssvæði safnsins.
4. gr. Aðsetur safnsins skal vera á Eskfirði. Auk þess geta heyrt undir safnið munir og mannvirki sem varveitt eru annarsstaðar á starfssvæðinu (sjá 7. og 8. grein).
5. gr. Alla þá muni, skjöl, filmur, myndir og önnur safnverðmæti er berast safninu skal skrásetja vandlega, merkja og koma í svo tryggja vörslu sem unnt er. Hvorki má gefa eða selja þá muni, sem safnið hefur eignast, en láta má þá í skiptum fyrir aðra gripi, liggi fyrir einróma samþykki stjórnar.
Safnið tekur ekki við munum sem að fylgja kvaðir.
6. gr. Hlutverk safnsins er í höfuðatriðum tvíþætt: Í fyrsta lagi skal kappkostað að safna þjóðlegum menningarverðmætum og varðveita þau (sbr. 3. gr.) en í öðru lagi skal safnið vera kennslu og fræðslustofnun fyrir almenning. Þessum markmiðum skal náð með föstum sýningum, skyndi eða farandsýningum í safninu, eða annarsstaðar á starfssvæðinu, sem og með markvissu samstarfi við skólana. Stjórn og starfslið safnsins ákvarðar nánar stefnuna í starfsemi þess á hverjum tíma með hliðsjón af hlutverki safnsins.
7. gr. Safnið skal vinna skipulega að skráningu og verndun ýmissa mannvirkja, sem tengjast fornum verslunarháttum og sjósókn á liðinni tíð og hafa um þetta samráð við Þjóðminjasafn Íslands.
8. gr. Safnið hefur heimild til að varðveita hluta af safnminjum utan veggja safnsins, gefist ekki kostur á að flytja þær í aðalsetur þess, eða ef betur hentar að varðveita þær annarsstaðar. Ráðstöfun og meðferð slíkra minja skal þó bundin ákvörðunum stjórnar safnsins, eins og gildir um aðrar eignir þess (sbr. 4. grein).
9. gr. Safnið er sjálfseignarstofnun og ber kennitöluna 630781 0519. Stjórn safnsins skal skipuð 4 mönnum og jafnmörgum til vara. Fulltrúa í stjórn skipa eftirtaldir aðilar: Fjarðabyggð (2), Eskja hf. (1), Útvegsmannafélag Austfjarða (1).
Fulltrúa í stjórn skulu aðstandur safnsins tilnefna fyrir 15. október að loknum sveitarstjórnarkosningum til fjögurra ára í senn.
10. gr. Stjórn safnsins heldur aðalfund á tímabilinu mars – maí ár hvert. Á honum skal leggja fram starfsskýrslu og reikningsuppgjör fyrir síðastliðið ár, einnig drög að starfsáætlun og fjárhagsáætlun fyrir yfirstandandi ár. Þá skal einnig ákveðið um styrkumsóknir til aðstandenda safnsins og annarra aðila sem leggja því til tekjur. Ársskýrslu og reikningsuppgjör skal síðan senda til Safnaráðs.

Á fyrsta fundi nýrrar stjórnar, skiptir hún með sér verkum, kýs formann, ritara og varaformann. Formaður eða forstöðumaður annast fjárreiður safnsins, samkvæmt ákvörðun stjórnar. Endurskoðun reikninga safnsins annast löggiltur endurskoðandi.

Að öðru leyti heldur stjórnin fundi eftir því sem þurfa þykir og ræður meirihluti atkvæða úrslitum mála á stjórnarfundum (sjá þó 5. grein). Ef atkvæði standa á jöfnu, sker atkvæði formanns úr. Stjórnarfundir eru lögmætir, ef meiri hluti stjórnarmanna eru mættir.

11. gr. Fastar tekjur safnsins eru árleg framlög (styrkir) aðstandenda þess. Þess utan þær tekjur, sem stjórn safnsins tekst að afla með aðgangseyrir eða á annan hátt. Safnið skal ekki rekið í hagnaðarskyni.
12. gr. Stjórn safnsins ræður forstöðumann til safnsins. Forstöðumanni er heimilt að ráða að safninu starfskraft í samráði við stjórn safnsins, eftir því sem fjárhagur leyfir, til að vinna að söfnun minja, skrásetningu, forverndun, uppsetningu, safnvörslu og öðrum daglegum starfsþáttum safnsins. Forstöðumanni er heimilt að sitja fundi safnstjórnar og hefur hann þar tillögurétt og málfrelsi.
13. gr. Stjórn safnsins skal hafa sem nánasta samvinnu við Safnaráð og Þjóðminjasafn Íslands.
14. gr. Verði safnið lagt niður eða rekstrarformi þess breytt skal safnkosti þess ráðstafað í samráði við höfuðsafn á sviði þjóðminjavörslu. Öðrum eigum skal ráðstafað að höfðu samráði við ráðuneyti.

Breyting 1.

9. grein hefur verið breytt frá upphaflegri skipulagsskrá 1979 vegna skifta á eignaraðilum. Út hefur fallið Fjórðungssamband Fiskifélagsdeilda á Austurlandi og í staðinn kom Félag síldarsaltenda á Norður og Austurlandi.

G.H. 13.12.1994

Breyting 2.

9. grein hefur verið breytt frá upphaflegri skipulagsskrá 1979 vegna breytinga á eignaraðilum.

Safnið er sjálfseignarstofnun og ber kennitöluna 630781 0519. Stjórn safnsins skal skipuð 4 mönnum og jafnmörgum til vara. Fulltrúa í stjórn skipa eftirtaldir aðilar: Fjarðabyggð (2), Eskja hf. (1), Útvegsmannafélag Austfjarða (1).

Fulltrúa í stjórn skulu aðstandur safnsins tilnefna fyrir 15. október að loknum sveitarstjórnarkosningum til fjögurra ára í senn.

PPS, 3.9.2013


Breyting 3.

Stofnskrá endurskoðuð í samræmi við breytingar á safnalögum sem tekur gildi janúar 2013. Sjá sundurliðaðar breytingar í skjalinu.

PPS, 3.9.2013

Stjórn Sjóminjasafns Austurlands.

12.09.2013



Handwritten signatures of the board members of the Sjóminjasafn Austurlands. The signatures are in blue ink and include the name 'Benedikt Johann' and another signature that appears to be 'Guðmundur'.